

REGLUGERÐ

um sameiginlegan rekstur rannsóknastofnana að Keldnaholti.

1. gr.

Starfrækja skal undir einni stjórn eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari, sameiginlega þjónustu vegna starfsemi þeirra rannsóknastofnana, sem aðstöðu hafa á Keldnaholti. Nefnist þessi sameiginlegi rekstur „Samrekstur rannsóknastofnananna á Keldnaholti“.

2. gr.

Það skal vera verkefni samrekstrar rannsóknastofnananna að Keldnaholti:

- 2.1. að annast gæslu á landsvæði rannsóknahverfisins og vörslu húsa,
- 2.2. að annast viðhald sameiginlegra mannvirkja, eins og vegar, lýsingar, hitaveitu, girðingar, landsvæðisins sjálfs o. s. frv.,
- 2.3. að annast viðhald bygginga í samráði við forstöðumenn viðkomandi rannsóknastofnana,
- 2.4. að sjá um samgöngur við aðra borgarhluta, þar með talið áætlunarferðir með starfsfólk, pósthverðir og aðra sameiginlega fyrirgreiðslu og sendiferðir,
- 2.5. að sjá um fyrirgreiðslu við sameiginlegt mótuneyti starfsfólks,
- 2.6. að hafa eftirlit með ræstingu fyrir stofnanirnar.

3. gr.

Stjórn samreksturs rannsóknastofnananna að Keldnaholti skal vera skipuð framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins og forstjórum rannsóknastofnananna á Keldnaholti. Heimilt er þessum aðilum að tilnefna aðra starfsmenn þessara stofnana í sinn stað. Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn.

4. gr.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna skal annast allt reikningshald og fjárvörslu og skal reikningshald samreksturs vera aðskilið öðru reikningshaldi skrifstofunnar. Skrifstofan hefur fjárhagslega umsjón með rekstri samreksturs rannsóknastofnananna á Keldnaholti.

5. gr.

Stjórn samreksturs rannsóknastofnananna að Keldnaholti ræður starfslið samkvæmt heimildum á fjárlögum.

6. gr.

Samrekstur rannsóknastofnananna að Keldnaholti hefur sjálfstæðan fjárhag og hefur sem starfsfé það, sem Alþingi ætlar honum hverju sinni á fjárlögum.

7. gr.

Samrekstri rannsóknastofnananna að Keldnaholti er heimilt að taka að sér verkefni á því sviði, sem um er fjallað í 2. gr. fyrir aðrar rannsóknastofnanir að Keldnaholti en greinir í 1. gr., að fengnu samþykki stjórnar samreksturs, enda komi hæfileg greiðsla fyrir þá þjónustu á fjárveitingu hlutaðeigandi stofnunar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 63. gr. og 59. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Í forsætisráðuneytinu, 3. desember 1974.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.